

Skilmálar fyrir vefþjónustur

1. Inngangur

Skilmálar þessir gilda fyrir vefþjónustu (API) Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses. (hér eftir “Sparisjóðurinn”). Skilmálarnir gilda milli Sparisjóðsins og skráðs notanda prófunarumhverfis vefþjónustuskila Sparisjóðsins. Notendur skulu vera greiðsluvirkjendur og/eða reikningsupplýsinga-þjónustuveitendur eins og slíkir þriðju aðilar eru skilgreindir í lögum nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu.

Vefþjónustan kann að vera aðgengileg í prófunarumhverfi (e. sandbox) og/eða raunumhverfi (e. production). Prófunarumhverfi er ætlað til prófana á hugbúnaðarlausn en í raunumhverfi er hugbúnaðarlausn virkjuð til notkunar.

Með því að stofna aðgang að og/eða nota vefþjónustu samþykkir notandi að hlíta þessum skilmálum í hvívetna. Um notkun á vefþjónustum gilda jafnframt eftir atvikum Almennir viðskiptaskilmálar Sparisjóðsins, sérskilmálar og reglur Sparisjóðsins.

2. Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

Sparisjóðurinn vinnur persónuupplýsingar um nafn, netfang og land sem notandi veitir í tengslum við stofnun aðgangs að vefþjónustu. Sparisjóðurinn sendir notanda upplýsingar og tilkynningar vegna vefþjónustu á netfang notanda. Sparisjóðurinn hefur samband við notanda með tölvupósti vegna tilkynninga um t.d. rekstrartruflanir eða viðhald á vefþjónustu. Sparisjóðurinn vinnur persónuupplýsingar um IP-tölur notanda. Sparisjóðurinn notar vefkökur til að m.a. vista stillingar notanda, vinna tölfraðilegar upplýsingar, greina umferð um vefþjónustu, stuðla að virkni, tryggja öryggi og hafa eftirlit með að notkun vefþjónustu sé til samræmis við lög, skilmála og reglur Sparisjóðsins. Um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda Almennir viðskiptaskilmálar Sparisjóðsins, Persónuverndarstefna Sparisjóðsins.

3. Notkun og ábyrgð

Notandi stofnar aðgang að vefþjónustu með því að velja sér notandanafn og fær þá sendar leiðbeiningar til að virkja aðganginn á uppgefið netfang. Í kjölfarið velur notandi sér lykilorð og er þar með orðinn virkur notandi í vefþjónustu. Við skráningu hugbúnaðarlausnar í umsýslukerfi fær notandi úthlutaðan aðgangsslykil (e. consumer key og/eða consumer secret) sjálfkrafa eða eftir atvikum að loknu samþykktarferli hjá Sparisjóðnum. Notandi notar aðgangsslykilinn í skráðri hugbúnaðarlausn til að eiga samskipti við valið umhverfi í vefþjónustu. Notandi staðfestir að hann noti sjálfur þann aðgang sem hann hefur stofnað. Öll notkun í vefþjónustu takmarkast við þær aðgerðir sem eðlilegar og löglegar geta talist og þær upplýsingar og þá þjónustu/virkni sem í boði er á hverjum tíma. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að ákveða einhliða þá þjónustu/virkni sem í boði er í vefþjónustu, sem og að fella niður eða breyta þjónustunni/virkninni án fyrirvara. Sparisjóðurinn er eigandi að öllu höfunda- og hugverkavernduðu efni í vefþjónustu. Öll dreifing, fjölföldun eða endurútgáfa á höfunda- eða hugverkavörðu efni Sparisjóðsins er með öllu óheimil. Öll notkun á merki eða nafni Sparisjóðsins er háð fyrirfram veittu samþykki Sparisjóðsins.

Sparisjóðurinn ber enga ábyrgð á beinu eða afleiddu tjóni sem breytingar Sparisjóðsins á vefþjónustu eða þjónustu/virkni í vefþjónustu kunna að valda notanda eða þriðja aðila. Sparisjóðurinn ber enga ábyrgð á tjóni sem notandi eða þriðji aðili verður fyrir í tengslum við notkun notanda á vefþjónustu eða notkun þriðja aðila á skráðri hugbúnaðarlausn notanda. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem notandi eða þriðji aðili verður fyrir hafi notandi veitt þriðja aðila aðgang að vefþjónustu. Upplýsingar í prófunarumhverfi eru prófunargögn og birtar án ábyrgðar Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á aldri eða gæðum prófunargagna.

Notanda ber að gera varúðarráðstafanir og gæta fyllsta trúnaðar til að tryggja aðgangsslykla og aðgangsupplýsingar sem hann notar til innskráningar í vefþjónustu. Notanda er óheimilt að láta öðrum í té aðgangsupplýsingar eða aðgangsslykla. Varðveiti notandi ekki upplýsingarnar í samræmi við framangreint eða með öðrum öruggum hætti telst það vera stórfellt gáleysi af hans hálfu. Notanda ber jafnframt að gæta þess að óviðkomandi aðili komist ekki yfir tæki sem hann notar til innskráningar í vefþjónustu. Notandi ber ábyrgð á að tryggja fullnægjandi öryggi tölvubúnaðar síns þegar efni er niðurhalað eða sótt úr vefþjónustu. Hafi verið átt við tækið með þeim hætti að

Öryggi þess hafi á einhvern hátt verið ógnað, t.d. með uppsetningu óörugggra forrita, er notkun vefþjónustu á tækinu ekki örugg og því óheimil með öllu. Verði notandi þess áskynja að óviðkomandi aðili hafi fengið vitneskju um aðgangsupplýsingar og/eða aðgangsslykla skal notandi tafarlaust tilkynna slíkt til Sparisjóðsins.

Notanda ber að fara eftir lögum, skilmálum, notkunarreglum og leiðbeiningum Sparisjóðsins um vefþjónustu. Notandi er ábyrgur fyrir öllum aðgerðum og notkun sem fram fer á hans aðgangi. Sama gildir um notkun þriðja aðila á vefþjónustu hafi hann komist yfir aðgangsupplýsingar eða aðgangsslykla notanda. Notanda er óheimilt að breyta öðrum gögnum en sínum eigin. Eingöngu má nota þær aðgerðir sem vefþjónustan veitir í gegnum viðmót eða skjölulúð þjónustuskil. Notanda er óheimilt að (a) villa á sér heimildir við notkun á vefþjónustu, (b) senda, dreifa eða upphala gögnum eða öðru efni í vefþjónustu sem kann að innihalda vírusa eða annars konar efni sem kann að hafa áhrif á virkni búnaðar eða tækja annarra notenda, og/eða (c) birta, auglýsa eða miðla ólögsmætu eða óviðeigandi efni í gegnum vefþjónustu. Eftir að notandi hefur skráð sig inn í vefþjónustu ber hann ábyrgð á og er bundinn af öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru í vefþjónustunni. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á því efni sem notandi miðlar inn í vefþjónustu. Notandi staðfestir að þær upplýsingar sem hann skráir í vefþjónustu séu réttar. Notanda er óheimilt að setja inn vef tengil (e. hyperlink) á annað vefsvæði eða aðra vefsíðu sem vísar á vefþjónustu (eða annað efni sem þar er að finna, s.s. vefsíður, myndir, myndbönd, hljóðupptök, myndefni, texta, kóða, forrit eða annað efni) eða spegla efni af vefþjónustu inn á annan vefþjón án þess að geta skýrra heimilda.

Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni notanda eða þriðja aðila vegna (a) upplýsinga, aðgangsslykla eða hugbúnaða sem tengjast vefþjónustu, (b) upplýsinga frá vefþjónustu sem eru ekki réttar, áreiðanlegar eða nýjar, (c) seljanleika, lögmæti, virkni eða notkunarmöguleika hugbúnaðarlausnar notanda, (d) búnaðar sem notandi eða þriðji aðili leggur til sem virkar ekki sem skyldi, (e) misnotkunar notanda á heimildum til aðgerða í vefþjónustu, (f) atvika sem tengjast þjónustu þriðja aðila eða sem notandi ber sjálfur ábyrgð á samkvæmt skilmálum þessum, (g) fyrirvaralausrar lokunar vefþjónustu, t.d. vegna bilana í hug- eða vélbúnaði Sparisjóðsins, uppfærslu skráa, breytinga á kerfi, eða af öðrum ástæðum, (h) rekstrartaps notanda eða þriðja aðila eða annars afleidds tjóns hvort sem rekja má tjónið til galla, skemmda eða eyðileggingar á vefþjónustu eða til annarra atvika, (i) atvika sem stafa af lagaboði, aðgerðum stjórnvalda eða óviðráðanlegum aðstæðum (force majeure), s.s. náttúruhamförum, styrjöldum, hryðjuverkum, verkföllum, lokun landamæra, rafmagnstruflunum, rafmagnsleysi eða öðrum rekstrartruflunum, truflunum í uppgjörskerfi, símkerfi eða öðrum boðleiðum, eða öðrum sambærilegum atvikum. Sparisjóðurinn ber jafnframt ekki ábyrgð á óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á vefþjónustu.

4. Lokaákvæði

Sparisjóðnum er heimilt, fyrirvaralaust og án tilkynningar, að loka aðgangi notanda að vefþjónustu eða takmarka notkun notanda á vefþjónustu, í heild eða að hluta, tímabundið eða varanlega (a) ef grunur leikur á að um óheimila eða svíksamlega notkun vefþjónustunnar eða brot á lögum, skilmálum, notkunarreglum eða leiðbeiningum Sparisjóðsins sé að ræða, (b) vegna uppfærslu skráa, kerfisbreytinga eða annarra tæknilegra ástæðna eða öryggisástæðna eða (c) vegna annarra málefnalegra ástæðna. Notanda er gert viðvart eins fljótt og kostur er. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að hafa eftirlit með notkun á vefþjónustu til að tryggja öryggi og gæta eftirlits með að notkun vefþjónustunnar sé í samræmi við lög, skilmála og reglur Sparisjóðsins og tilkynnir viðeigandi eftirlitsaðilum og lögbærum yfirvöldum um ólögsmæta háttsemi í vefþjónustu.

Aðgangur að vefþjónustu er uppsegjanlegur af beggja hálfu án fyrirvara. Sparisjóðurinn getur hvenær sem er hætt að bjóða upp á vefþjónustuna eða gert breytingar á skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Breytingar á skilmálunum eru tilkynntar á varanlegum miðli með almennri tilkynningu á vefsvæði Sparisjóðsins eða í gegnum vefþjónustuna.